

S A M Þ Y K K T

93

1/5 '29

um

sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal stofnaður sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923.

Þessir eru sýsluvegir í Mýrasýslu:

1. Borgarfjarðarbraut frá vegamótum hjá Haugum að Kláffossvegi.
2. Hvitársíðuvegur frá Kláffossvegi að Sámsstöðum.
3. Þverárhliðarvegur frá Borgarfjarðarbraut á forna sýsluveginum upp undan Spóamýri.
4. Hraunhreppsvegur frá Stykkishólmi hjá Arnarstapa að Vogu.
5. Álftaneshreppsvegur af Stykkishólmsvegi við Langárbrú um Vogalæk að Hofsstöðum, og frá Urriðaárbrú að Grimsstöðum.
6. Vegurinn frá Hvítárbrú á Kláffossi um Norðtungu að Litlu-Þverá.

2. gr.

Af virðingarverði allra skattskyldra fasteigna í sýslunni samkvæmt fasteignamati skal greiða vegaskatt, er renni í sýslusjóð, og ákveður sýslunefnd jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera á því ári.

Af jörðum í sveit skal ábúandi greiða skattinn, en í Borgarneskaup-túni greiðir eigandi skattinn af húsi eða lóð; þá skal hreppsfélagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sé það löglega samþykkt á sveitarfundi.

Skattinn skal greiða sýslumanni á manntalsþingi.

3. gr.

Úr sýsluvegasjóði skal greiða kostnað við sýsluvegi, svo og önnur gjöld til vegabóta, er að lögum hvíla á sýslufélaginu.

4. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald af fasteignum, er miðast við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýlunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

93

1/5 '29

5. gr.

Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti húseignir í Borgarnesi.

6. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923 staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

94

3/12 '29

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Neskaupstað, Norðfirði.

I.

Skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálnefnd skal skipuð fimm mönnum: Formanni bæjarstjórnar, sem er formaður hennar, slökkviliðsstjóra og þremur bæjarfulltrúum, kosnum af bæjarstjórn jafnframt föstum nefndum.

Brunamálnefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti, sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé framfylgt og fullnægt skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.